

Garðabær-Bæjarskrifstofur  
Arinbjörn Vilhjálmsson  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Reykjavík 30. nóvember 2020  
UST202010-182/A.B.  
10.05.04

**Efni: Tillaga – Framkvæmda á bráðabirgðartengingu á reiðstíg í Urriðakotshrauni í Garðabæ.**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmda á bráðabirgðartengingu á reiðstíg í Urriðakotshrauni í Garðabæ.

Í erindinu kemur fram að fyrirhugað er að nýta línuveginn frá reiðstínum í Urriðakotshrauni suður að bæjarmörkum Hafnarfjarðar sem reiðleið til bráðabirgða þar sem nauðsynlegt hefur verið vegna framkvæmda í Urriðaholti að loka reiðstínum sem liggur meðfram Flóttamannavegi (Ofanbyggðarvegi).

Til þess að skilja á milli golfiðkunar og hestaumferðar þá er nauðsynlegt að tengja línuveginn fram hjá teigum við golfbrautir þar sem línuvegurinn fer fram að hrauninu að vestanverðu og leggja tímabundin reiðstíg. Áætlað er að breidd stígsins verður um 2-3 metrar og mun stígorinn liggja um lúpínugróinn mel og um gróið hraun á um 120 metra kafla.

**Sérstök vernd náttúruverndarlag**

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana og stígnum fundin sú leið þar sem rask á hrauni verði sem allra minnst sbr. ákvæðum laganna.

Stofnunin bendir á að skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta

sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir framkvæmdum á óróskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Umhverfisstofnun tekur undir sem kemur fram í erindi sveitarfélagsins að lögð sé áhersla á að raski verði haldið í lágmarki og að hann falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

### Stefna sveitarfélagsins


Í upplýsingum frá sveitarfélaginu kemur fram að stíglarinn sem reiðstígur er hugsaður sem tímabundin lausn á reiðleið milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar þangað til varanleg lega hefur verið fundin í skipulagsvinnu sem er í gangi. Hann gæti því mögulega verið notaður 1-3 ár. Auk þess kemur fram að stíglarinn mun að öllum líkindum nýtast í framtíðinni sem göngustígur.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að framkvæmdin sem er hér til umfjöllunar sé í samræmi við þá skipulagsvinnu sem nú er í vinnslu hjá sveitarfélaginu á svæðinu. Umhverfisstofnun telur, til að lágmarka rask á hrauni á svæðinu, að framtíðarreið/göngustígur fyrir svæðið sé valinn.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefansson  
sérfræðingur